

Fundargerð 7. október 2021, í foreldrafélaginu Hans og Gréta og foreldraráði leikskólans.

Mættir eru María, Guðmundur, Daníel, Þórunn, Fríða Björg, Kristín Ósk, Stefnir, Andrea, Alexandra, Eydís, Sóley, Ragna og Margrét.

- 1. Starf félagsins síðastliðið ár.** Sóley kynnti starf félagsins síðasta árið, sökum Covid var lítið um fundarstörf og félagslíf. Þó styrkti félagið jólasveina sem komu með gjafir fyrir hvert barn. Félagið sá einnig um að kaupa kveðjugjöf til Guggu sem kvaddi eftir áralangt starf og félagið styrkti leikskólann um 50.000 kr.
- 2. Uppgjör félagsins.** Ragna kynnti uppgjör félagsins. Félagið á 330.479 kr eftir árið.
- 3. Kosningar.** Guðmundur, Stefnir, Andrea og Ragna kosin í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðsins.
- 4. Skólastefnan.** Ragna kynnti það að Byggðarsamlagið Oddi er að uppfæra skólastefnu sína og eru foreldrar hvattir til þess að taka þátt í því með því að kynna sér stefnuna og koma sínum athugasemdum á framfæri við foreldrafélagið
- 5. Umræður.** Rætt um Föndurdaginn. Umræður sköpuðust um að hætta mögulega með föndurdagurinn. Mæting hefur verið dræm og umræður um að félagið setji frekar fjármagn í námsskeið/fyrirlesta. Einnig sköpuðust umræður um öskudaginn, en hann hefur breyst og er nú orðin eingöngu fyrir leikskólabörn. Umræður voru um þetta og kom fram að hátíðin væri skemmtileg hefð. Einnig rætt um að þarna gæti verið vettvangur fyrir samstarf við grunnskólann. Fjöruferðin, skemmtileg hefð en leikskólinn hefur stækkað og börnin orðin mörg og þess vegna erfitt að manna ferðina á vegum leikskólans. Hugmynd er upp um að fólk komi með einkabílum og að ferðin verði farin á laugardegi í stað virks dags. Þannig styrki foreldrafélagið ferðina frekar með kaupum á nesti/grillmat. Einnig rætt um að skoða fleirri staði til þess að fara á, t.d. Ásabrekkuskóg. Rætt um að félagið standi fyrir námsskeiðum/fyrirlesturum t.d. skyndihjálparnámsskeið. Ef boðið verður upp á námsskeið þá eru foreldrar jafnvel tilbúnir að taka þátt í hluta kostnaðar.

Fundi slitið kl 21:15

Fundargerð ritar Ragna Magnúsdóttir.